

Gaspar Sanz fæddist á Spáni 1640 og lést 1710. Eftir guðfræðinám við háskólann í Salamanca söðlaði hann um og hélt til Ítalíu í tónlistarnám hjá Cristoforo Caresana og Lelio Colista. Að því loknu flutti hann til baka til Spánar og starfaði sem prestur, gítarleikari og tónskáld. Á árunum 1674 – 75 gaf hann út fræði- og kennslubók í gítarleik: *Instrucción de música sobre la Guitarra Española* sem er eitt þekktasta verk sinnar tegundar frá 17. öld. Þar má finna ein 90 verk fyrir gítar auk nákvæmra leiðbeininga um gítarleik og tækni, svo sem mismunandi stillingar, plokkunartækni og tölusetta bassa.

Fyrstu verkin í bókinni eru ætluð byrjendum en í seinni hluta bókarinnar má finna mun lengri og erfiðari verk sem gera töluverðar tæknilegar kröfur til flytjandans. Flest verkin eru byggð á dansformum sem voru einkennandi fyrir spænska tónlist í lok 17. aldar og hér verða fluttir þrjú dansar fyrir barokkgítar úr þessari þekktu bók.

Johann Sebald (Jean Zewalt) Triemer fæddist í Weimar í Þýskalandi um aldamótin 1700 og lést í Amsterdam 1762. Ungur vakti hann athygli fyrir lipurð sína og færni á sellóið og hefur eflaust vakið hrifningu hertogans af Weimar því Triemer var lengi undir verndarvæng hans. Hertoginn kostaði meðal annars tónlistarnám Triemers hjá Gregor Christoph Eyllenstein, sellóleikara hirðarinnar og seinna var Triemer sjálfur ráðinn sem sellóleikari við hirðhljómsveitina.

Árið 1727, eftir nokkurra ára setu í hljómsveitinni og mikil tónleikaferðalög fluttist Triemer til Parísar og hóf nám í tónsmíðum hjá Joseph Bodin de Boismortier. Þar mun hann hafa dvalið ein tvö ár og þá flutt til Hollands þar sem hann dvaldi til dauðadags. Í Amsterdam samdi hann og fékk útgefna 1739 kennslubók í fiðlu- og sellóleik: *Undirstöðuatriði fyrir byrjendur í fiðlu- og sellóleik*.

Árið 1745 kom út safn með sex sellósónötum eftir Triemer og er C dúr sónatan sem hér er flutt, sú fyrsta þeirra.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Teneritas-hópurinn

Hanna Loftsdóttir
gamba

Ólöf Sigursveinsdóttir
barokkselló

Fredrik Bock
lúta og barokkgítar



Þriðjudaginn 15 ágúst 2006 kl. 20:30

Fátt eitt er vitað um tónskáldið **Alexis Magito** og það sem skrifað er um lífshlaup hans er því einungis byggt á þeim máðu fótsporum sem hafa fundist.

Ítalskt nafn hans, og það að sönötusafn hans var gefið út í Cambridge um 1740 bendir til að hann hafi verið einn af þeim fjölmörgu ítölsku tónlistarmönnum sem fluttu til Englands á 18. öld. Þar er talið að Alexis Magito hafi starfað við kennslu en ekki verið langlífur. Eins og fyrr er getið gaf hann út safn af sönötum, sex að tölu, og þar sem þær eru skrifaðar fyrir selló má álykta sem svo að að hann hafi verið fær sellóleikari og vissulega var hann hæfileikaríkt tónskáld.

Sönötur Alexis Magito eru dæmigerðar fyrir þau frjálsglegu stílskipti sem einkenndu miðja 18. öldina í tónlist. Þær eru yfirleitt í þremur eða fjórum köflum sem skiptast á með hröðum og hægum tempóum og sá síðasti yfirleitt dans.

François Couperin (1668 – 1733) fæddist inn í mikla tónlistarfjölskyldu og var faðir hans virtur organisti við St. Gervais kirkju í París. Hann lést er sonurinn var 10 ára og þá tóku velunnarar fjölskyldunnar hinn efnilega dreng upp á arma sína. Þegar hann varð 18 ára fékk Couperin að taka við stöðu föður síns sem organisti og varð það upphafið að velgengni hans og tryggði honum fjárhagslegt öryggi. Færni hans á orgelið spurðist fljótt út og auðvelt varð að klifra upp metorðastigann. Árið 1693 var hann útnefndur organisti hirðar Lúðvíks XIV og eftir það lá leiðin aðeins upp á við því seinna var hann einnig útnefndur hirðtónskáld og semballeikari hirðarinnar. Couperin reyndi af fremsta megni að sinna tónsmíðum samtímis öðrum skyldum og voru verk hans gefin út jafnóðum og hann samdi þau. Hann samdi mörg verk fyrir hljómborð og fékk gefnar út fjórar bækur með verkum fyrir sembal (*Pièces de clavecin*), þá fyrstu 1713 og síðustu 1730. Einnig eru kammersúsikverk hans vel þekkt og þar má nefna *Les Nations* sem er safn tríósónata og svíta.

Treizième Concert à 2 instrumens à l'unisson eru úr safni tíu verka, kallað *Nouveaux concerts* eða *Les goûts-réunis*, fyrir tvö óskilgreind hljóðfæri og var gefið út árið 1724.

Marin Marais (1656 – 1728) var sonur fátæks skósmíðs en hóf tónlistarnám sitt í kórskóla St. Chapelle í París. Þar stundaði hann nám í fimm ár og á þeim tíma hefur hann líklega kynnst gömbunni sem varð aðalhljóðfæri hans. Marais lauk námi hjá hinum þekktu gömbuleikara Sainte-Colombe og fékk stuttu síðar (árið 1679) stöðu gömbuleikara við hirð Lúðvíks XIV. Þar kynntist hann Lully sem leiðbeindi honum í tónsmíðum.

Tónverkum Marais var vel tekið, en segja má að upphaf að velgengni hans sem tónskálds hafi verið þegar ópera hans *Idylle* var flutt í Versölum árið 1686. Árið 1706 var hann útnefndur stjórnandi Óperuhljómsveitarinnar og barst orðstír hans til annarra landa.

Marais var gömbuvirtuos og þróaði gömbu-tækni þannig að áður óþekktir möguleikar hljóðfærisins komu í ljós. Fingrafimin tók þó ekki tónlistargáfunni fram og samtímamenn hans höfðu á orði að hann „léki eins og engill“. Það þarf ekki að koma á óvart að Marais samdi mikið af tónlist fyrir gömbu. Á árunum 1686 – 1725 komu út fimm bækur með verkum fyrir eina eða fleiri gömbur, alls 39 svítur auk stakra verka. Þetta safn er eins konar biblíá gömbuleikara og spannar breitt svið; þar má bæði finna einföld og aðgengileg verk en einnig mjög flókin verk hvað tækni og túlkun varðar.

Svíta í D dúr fyrir gömbu og continuo er úr bók 1 (*Pieces de viole, 1er livre*) en þar eru að finna svítur fyrir eina eða tvær gömbur. Fyrstu svíturnar í bókinni eru í raun ekki eiginlegar svítur heldur röð margra svítukafla og er flytjandinn gerður ábyrgur fyrir að velja úr kafla og setja saman í heillega svítu. Þannig verður útkoman sífellt breytileg og háð skapi og smekk hvers flytjanda.

Efnisskrá

Alexis Magito (á átjándu öld)	Sónata op.1 nr.6 í D dúr fyrir selló og continuo <i>Adagio</i> <i>Allegro</i> <i>Siciliana</i> <i>Menuetto Primo- Menuetto Secundo</i>
François Couperin (1668 – 1733)	Treizième Concert à 2 instrumens á l'unisson <i>Vivement</i> <i>Air - agréablement</i> <i>Sarabande- tendrement</i> <i>Chaconne - légère</i>
Marin Marais (1656 – 1728)	Svíta í D dúr fyrir gömbu og continuo <i>Prelude- fantasie</i> <i>Allemande – double</i> <i>Courante – double</i> <i>Sarabande</i> <i>Gavotte</i> <i>Menuet</i> <i>Gigue</i>
Gaspar Sanz (1640 – 1710)	Þrjú verk fyrir barokkgítar <i>Pavanas</i> <i>Canarios</i> <i>Canarios</i>
Johann Sebald Triemer (~1700 – 1762)	Sónata nr. 1 í C dúr fyrir selló og continuo <i>Largo</i> <i>Allegro</i> <i>Cantabile</i> <i>Tempi di gavotta</i> <i>Allegro</i>

Hanna Loftsdóttir lauk námi í sellóleik árið 2000 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Þaðan hélt hún til Danmerkur og nam selló- og gömbuleik hjá Morten Zeuthen prófessor og Mogens Rasmussen við Konunglega Danska Konservatoríið í Kaupmannahöfn. Í námi sínu hefur Hanna lagt mikla áherslu á barokktónlist og flutning hennar á upprunaleg hljóðfæri, bæði á gömbu og barokkselló. Hanna hefur komið fram með fjölmörgum barokkhópum bæði á Íslandi og í Danmörku. Þar má m.a. nefna Bachsveitina í Skálholti, Sumaróperu Reykjavíkur, Djúpstrengjahópin Lilju, Øresunds barokkorkester og The Hague International Baroque Orchestra. Frá og með hausti 2005 hefur Hanna stundað nám í barokkselló- og gömbuleik við barokkdeildina í Konunglega Konservatoríinu í Haag. Kennarar hennar þar eru Jaap ter Linden á barokkselló og Philippe Pierlot á gömbu.

Að loknu námi við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hélt **Ólöf Sigursveinsdóttir** sellóleikari utan til framhaldsnáms við Tónlistarháskólann í Stuttgart í Þýskalandi og lauk þar diplom-gráðu í sellóleik árið 2000 með hæstu einkunn. Árið 2002 lauk hún framhaldsprófi við sama skóla. Á námsárunum naut Ólöf kennslu í hljómsveitarstjórn samhliða sellónáminu og hefur hún fengist talsvert við að stjórna bæði kórum og hljómsveitum. Hún hefur leikið með Bachsveitinni í Skálholti og haldið einleikstónleika á barokkselló. Ólöf hefur leikið með hljómsveitum og kammerhópum, svo sem Ensemble Stuttgart, Djúpstrengjahópnum Lilju og Freie Kammersinfonie Baden-Württemberg.

Sænski gítar- og lútuleikarinn **Fredrik Bock** stundaði nám sitt við Carl Nielsen Akadémíuna í Odense og lauk prófi þaðan með hæstu einkunn árið 2000. Hann lagði sérstaka áherslu á barokkgítar, nam við einleikaradeild Konunglega Danska Konservatorísins í Kaupmannahöfn og naut leiðsagnar Stephen Stubbs prófessors við Listaháskólann í Bremen, Hopkinson Smith, Nigel North, Rolf Lislevand o.fl. Fredrik hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveitinni í Odense og leikur reglulega með ýmsum einleikurum og hljómsveitum, s.s. barokkhljómsveitinni Concerto Copenhagen og sönghópnum Ars Nova. Einnig hefur hann tekið þátt í óperuuppfærslum, m.a. í Konunglega Danska Leikhúsinu og Óperunni á Fjóni.

Teneritas-hópurinn var stofnaður árið 2002 af Ólöfu og Hönnu í því augnamiði að flytja tónlist frá barokktímabilinu fyrir barokkselló og gömbu. Til að auka fjölbreytni efnisskrár hefur gítar og lútuleikarinn Fredrik Bock gengið til liðs við hópinn.

Hanna Loftsdóttir studied the cello at the Reykjavík College of Music and later cello and viola da gamba at The Royal Danish Music Academy in Copenhagen where from she graduated in 2005. Loftsdóttir has taken special interest in early music performance practice and has played both the baroque cello and viola da gamba. She has performed with various early-music groups in Iceland and Denmark, e.g. The Skálholt Bach Consort, Reykjavík Summer Opera, Øresund Baroque Orchestra, Holmen Baroque Ensemble and The Hague International Baroque Orchestra. Currently Loftsdóttir is studying baroque cello and viola da gamba with Jaap ter Linden and Philippe Pierlot at The Royal Conservatory in The Hague.

After graduating from the Music School of Sigursveinn D. Kristinsson **Ólöf Sigursveinsdóttir** cellist continued her studies at The Stuttgart Music Academy where from she graduated 2002. Besides her cello studies she took lessons in baroque performance practice under the supervision of Héléne Godefroy. Sigursveinsdóttir performs as a soloist as well as a chamber musician. She has played with various orchestras and chamber groups both in Iceland and Germany, e.g. The Skálholt Bach Consort, Ensemble Stuttgart and Freie Kammersinfonie Baden-Württemberg.

The Swedish guitar- and lute player **Fredrik Bock** studied the guitar at the Carl Nielsen Academy of Music in Odense, Denmark and The Royal Danish Music Academy in Copenhagen. Then he chose to specialize in early guitars and lutes and studied at the Hochschule für Künste Bremen with Stephen Stubbs. Mr. Bock has received several grants from The Royal Swedish Academy of Music for his work with the baroque guitar. He is frequently asked to play continuo in opera productions both in Denmark and abroad. He works regularly with e.g. Lars Ulrik Mortensen and Concerto Copenhagen, vocal group Ars Nova Copenhagen, Emily Van Evera and Andrew Lawrence King.